

Sp. **405. Tillaga til þingsályktunar** [224. mál]

um aðgerðir til þess að tryggja eðlilega byggðapróun í Árneshreppi í Strandasýslu.

Flm.: Matthías Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Sighvatur Björgvinsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu og gera kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og tillögu til fjáröflunar til að standa undir þeim, og verði stefnt að því, að vinna geti hafist vorið 1983.

Þessar aðgerðir verði þær fyrstu af hálfu ríkisvaldsins nú til þess að treysta og efla byggð í nyrsta hreppi Strandasýslu. Kostnaður við þessa hönnun og undirbúning framkvæmda greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íbúar Árneshrepps hafa frá aldaöldli lifað jöfnum höndum af gæðum lands og sjávar. Jafnan hefur verið harðbýlt og strjálbýlt í þessum hreppi. Gróðursælasta og búasældarlegasta sveitin er Trékylisvík. Í hreppnum eru allmikil hlunnindi af selveiði og dúntekju, þar veiðist mikið af grásleppu og reki er nokkur.

Á fjórða tug þessarar aldar var reist síldarverksmiðja á Djúpuvík í Árneshreppi, og nokkru síðar var reist önnur síldarverksmiðja á Eyri í Ingólfsfirði og var þá mikið blómaskeið í þessum hreppi. Þessar atvinnugreinar hrundu þegar komið var fram á fimmta áratug þessarar aldar, og hafði það afdrifaríkar afleiðingar fyrir það fólk sem byggði þetta svæði.

Á árinu 1910 voru íbúar Árneshrepps 431, en þeim fjölgaði um 11.1% á næsta áratug og voru 479 árið 1920. Þá verður nokkur breyting næstu árin á eftir, þegar íbúum hreppsins fækkar í 434 á árinu 1930 eða um 9.4%. En með hinna miklu atvinnuuppbyggingu, sem varð á fjórða áratugnum, fjölga íbúum í hreppnum og á árinu 1940 eru þeir 515, fjölgun um 18.7%. 1950 er farið að síga verulega á ógæfuhliðina því þá er íbúatalan orðin 413, og fækkun verður á áratugnum 1950—1960 um 30.5% eða í 287 íbúa. Á árinu 1970 heldur þessi þróun áfram og fer íbúatalan niður í 216 á árinu 1960, en fæstir eru íbúar í Árneshreppi á árinu 1978, aðeins 168. Síðan hefur heldur fjölgað og íbúar þar á síðastliðnu ári voru 175.

Þeir íbúar hreppsins, sem vildu ekki yfirgefa heimaslóðir sínar, en halda þar áfram byggð, sáu að ekki mátti við svo búið standa, því að á aðalfundi Búnaðarfélags hreppsins, sem haldinn var 17. ágúst 1973, var rætt um framtíðarhorfur byggðarlagsins og þar var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Að undanfögnu hefur um langt árabíl ríkt óáran og grasleysi í Árneshreppi og búpeningi fækkað mjög og mörg bændabýli farið í eyði. Framkvæmdir hjá þeim, sem hafa þraukað af þetta harðindatímabil, hafa af eðlilegum ástæðum verið litlar, einkum að því er snertir byggingar. Nú þegar árferði batnar og framtíðarvonir glæðast í sambandi við það og grasvöxtur eykst skapast þörf fyrir framkvæmdir í byggingu heygeymslna og peningshúsa. Til þeirrar uppbyggingar í þessum efnunum, sem augljós er á næstunni á hverju byggðu býli í hreppnum, skortir bændur getu og fjármagn. Einnig er rík þörf á að þær framkvæmdir, sem ráðist verður í á þessu sviði, verði byggðar og skipulagðar á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til vinnuspánaðar við hirðingu húsa og búfænaðar. Hætt er við að nokkur misbrestur verði á þessu nema skipulega sé að unnið undir eftirliti kunnáttumanna á þessu sviði.

Aðalfundur Búnaðarfélags Árneshrepps, haldinn þann 17. ágúst 1973, leggur því áherslu á að leitað verði eftir fjármagni til þessara framtíðarverkefna með hagstæðari kjörum en nú er völ á til slíkra framkvæmda samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt telur fundurinn brýna nauðsyn á að fengnir séu tæknifróðir menn á þessu sviði til að gera áætlun og

skipuleggja þær framkvæmdir, sem í verður ráðist í náninni framtíð og nauðsynlegar eru, svo og aðrar framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til þess að byggð geti haldist í hreppnum. Vill fundurinn í því sambandi vekja athygli á því, hvort ekki sé ástæða til að tengja bændur í Árneshreppi þeim hugmyndum, sem á dagskrá eru við Inndjúpsáætlun, til að tryggja búsetu og byggð á þeim slóðum.“

Síðan ákvað þessi fundur að fela fulltrúum sínum á kjörmannafundi Strandamanna og aðalfundi Búnaðarsambands sýslunnar að vekja athygli þeirra funda á þessum þáttum málsins og vinna að því á annan hátt. Síðan var leitað til Landnáms ríkisins um áætlunargerð og á vegum þess og Búnaðarsambandsins var safnað gögnum um búskaparástand í Árneshreppi.

Vorið 1975 ræðst Búnaðarsamband Strandamanna í kaup á tengimótum, en framkvæmdir drögust þó fram eftir sumri þar sem lánsloforð fékkst ekki frá Stofnlánadeild fyrr. Þegar samstarf helstu stofnana landbúnaðarins komst á, með stofnun áætlunarnefndarinnar, var haldið áfram að vinna að þessum málum á þessum vettvangi. Náðist góður árangur af starfi þeirrar nefndar hvað snertir uppbyggingu á útihúsum og ræktun. Þá kom einnig fram, að ábendingu heimamanna, að í þeirri áætlun þyrfti einnig að felast uppbygging samgöngumála innansveitar, bæði vegagerð og hafnargerð, enn fremur úrbætur í skólamálum og raforkumálum.

Þess ber að geta sem vel er gert. Raflína var lögð norður í Árneshrepp og byggð býli þar tengd raforkukerfinu. Kostnaður við rafmagnslínu í Árneshrepp var sem hér segir á verðlagi hvers árs:

Árneshreppslína:	
Árið 1975	95 000 kr.
Árið 1976	263 000 kr.
Árið 1977	331 000 kr.

Trékyllisheiðarlína (kostnaður á verðlagi ársins):	
Árið 1977	443 000 kr.

Á verðlagi 31/12 1981 (gkr.):	
Árneshreppslína	3 850 000 kr.
Trékyllisheiðarlína	2 109 000 kr.

Samtals 5 959 000 kr.

Allur kostnaður var því um 600 millj. gkr.

Í vegamálum innansveitar hefur verið gert verulegt átak á árunum 1979—1981. Er það gert fyrir atbeina Framkvæmdastofnunar ríkisins hvað fjárúvegum varðar í sambandi við framkvæmdir af svokölluðu jaðarbyggðafé.

Á árinu 1979 var fjárveiting 25 millj. gkr., og þá var hækkaður 1.2 km langur vegarkafli um fjöruna í Norðurfirði og 2.1 km langur kafli um Finnbogastaði.

Á árinu 1980 var fjárveiting 98 millj. gkr. Þar af fóru 33 milljónir til að greiða vexti og afborganir, en lagður var 1.7 km langur kafli milli Kjósarár og Reykjarfjarðarbæjar.

Á árinu 1981 var fjárveiting 200 millj. gkr. Í Munaðarnesveg voru notaðar 0.8 millj. kr., Strandaveg milli Gjögurs og Norðurfjarðar 0.9 millj. kr. 0.3 millj. kr. eru eftir og ætlað að nota það fé í ákveðinn stað á komandi sumri. Á Munaðarnesvegi var styrktur kaflinn frá Strandavegi yfir hálsinn að stað sem nefnist Vetrarbrekka. Þar var verstí snjóastaðurinn á veginum og var unnt að lagfæra hann. Kaflinn frá Vetrarbrekku út eftir hlíðinni var lagfærður lítilsháttar með tilliti til sumarumferðar. Skammt fyrir utan Munaðarnes koma oft snjóflóð sem loka veginum. Þar var gerð vetrarbraut neðar þannig að hægt sé að krækja niður fyrir snjóflóðið. Á Strandavegi voru lagfærðir ýmsir staðir, aðallega þó lagður 1 km vegar-

kafla um Mela, kaflinn undir Reykjaneshyrnu styrktur og fyllt í gil sem alltaf kom snjór í. Brekkan upp frá Gjögri var hækkuð með tilliti til snjóa, bætt um grjótvörn á tveimur stöðum.

Kaflinn á milli Gjögurs og Norðurfjarðar er orðinn viðunandi með tilliti til snjóa og góður sem sumarvegur. Þó eru brýrnar á Ávíkurá og Reykjanesá ónýtar. Munaðarnesvegurinn virðist hafa lagast verulega miðað við snjóalög í haust, en auðvitað samt snjóþungur. Vandséð er að úr því verði bætt. S. l. vetur var næstum alltaf hægt að fara á dráttarvél á milli Reykjarfjarðar og Djúpuvíkur, en þó þyrfti að laga smákafli innan við Djúpuvík. Næstu stóru verkefni eru uppbygging vegarins um Bala, eða frá Bjarnarfirði í Veidileysufjörð.

Þessar upplýsingar eru fengnar frá Vegagerð ríkisins eða umdæmisverkfræðingi hennar á Ísafirði.

Í hafnarmálum hefur sorglega lítið verið gert. Að vísu hefur verið varið smáfjárveitingu til þess að bæta aðstöðu til uppskipunar á Norðurfirði og lítilfjörlegur styrkur veittur til bryggjugarðar í Djúpuvík.

Í Árneshreppi eru í reynd fjórir staðir þar sem er nokkur hafnaraðstaða. Í fyrsta lagi á Eyri við Ingólfsfjörð, en sá staður er nú í eyði. Í öðru lagi í Djúpuvík. Þar er útgerð og þar hefur verið unnið nokkuð við bryggjugarð, en aðallega af einstaklingum í Djúpuvík sem hafa að verulegu leyti kostað þessa framkvæmd. Nauðsyn er að styrkja hana enn frekar og bæta þar aðstöðu. Á Gjögri er nokkur útgerð og þar er nauðsynlegt að bæta aðstöðu. En á Norðurfirði er kaupfélag hreppsins, og þar er brýn nauðsyn að gera höfn þar sem væntanleg skip Skipaútgerðar ríkisins eða önnur hliðstæð skip geti lagst að bryggju og ekki þurfi að nota uppskipunarbáta til þess að skipa öllum vörum á land í þessum eina hrepp á Íslandi.

Við flutningsmenn þessarar tillögu teljum að langbrýnasta verkefnið í Árneshreppi í Strandasýslu sé nú að hanna og gera kostnaðaráætlun um hafnarframkvæmd í Norðurfirði, þannig að íbúar þessa hrepps geti búið við lík skilyrði og aðrir staðir í okkar landi. Það er algerlega útilokað, eins og allir hljóta að skilja, að þeir fáu íbúar, sem búa í þessum strjálbýla hreppi, geti staðið að einhverju leyti undir þessum hafnarframkvæmdum. Því verður að sjá um að af þessum framkvæmdum geti orðið. Í fyrsta lagi þarf allt það sem hafnalög leyfa að greitt sé til slíkra framkvæmda. Í öðru lagi teljum við, að fyllilega komi til greina að Byggðasjóður komi þar inn í myndina, og vitnum í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins hvað varðar Byggðasjóð, en í 28. gr. þeirra laga segir:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Við, sem þessa tillögu flytjum, minnumst þess, hver afdrif hreppanna norðan Árneshrepps í Strandasýslu urðu, þegar byggð lagðist algerlega niður í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu fyrir tæpum fjórum áratugum. Við teljum því brýna nauðsyn bera til að samfélagið meti að verðleikum þá þrautseigju og þann dugnað, sem það fólk hefur sýnt sem hefur staðið af sér alla erfiðleika sem steðjað hafa að íbúum Árneshrepps á síðustu árum og áratugum, með því að skapa því lágmarksskilyrði til þess að geta unað sæmilega í sínu byggðarlagi og þurfa ekki að búa á þessu sviði, eins og mörgum öðrum, við lakari kjör og aðstæður en flestir aðrir þegnar þessa lands.

Því teljum við brýna nauðsyn á flutningi þessa máls og treystum því, að Alþingi, sem markaði merka stefnu í byggðamálum fyrir rúmlega þremur áratugum, sýni þessu máli skilning með því að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, sem á að vera einn fyrsti þátturinn eftir nokkurt hlé til þess að efla byggð í Árneshreppi í Strandasýslu.